

Stakkavík ehf.
Kt: 480388-1519
Bakkalág 15b
240 Grindavík

Hafnarfjörður, 19.05.2026
Tilv. 2025-02-13-0148

Efni: Svipting. Skil á aflaupplýsingum. Óla á Stað GK - 99 (2842)

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar brot skipstjórnenda bátsins Óla á Stað GK – 99, skipaskrárnúmer 2842, vegna vanskila á aflaupplýsingum í 35 veiðiferðum fiskveiðiárið 2024/2025, gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar um skráningu og skil aflaupplýsinga nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

I. Málsvæði

Samkvæmt gögnum Fiskistofu um skil á aflaupplýsingum hafa skipstjórnendur bátsins Óla á Stað GK – 99 (2842) ekki skilað aflaupplýsingum stafrænt til Fiskistofu áður en bátnum var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum eftirfarandi daga fiskveiðiárið 2024/2025:

Skráð vanskil aflaupplýsinga		
08.09.2024	10.10.2024	24.01.2024
11.09.2024	12.10.2024	08.02.2025
12.09.2024	13.10.2024	17.02.2025
13.09.2024	09.01.2025	18.02.2025
15.09.2024	10.01.2025	19.02.2025
16.09.2024	13.01.2025	20.02.2025
04.10.2024	14.01.2025	21.02.2025
05.10.2024	17.01.2025	22.02.2025
06.10.2024	18.01.2025	04.05.2025
07.10.2024	19.01.2025	07.05.2025
08.10.2024	20.01.2025	20.05.2025
09.10.2024	21.01.2025	-

Af þeim sökum eru skipstjórnendur bátsins Óla á Stað GK – 99 (2842) grunaðir um að hafa brotið gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996. Skráð vanskil voru í 35 veiðiferðum bátsins á fiskveiðiarinu 2024/2025, þ.e. í um 20% veiðiferða.

Fiskistofa leiðbeindi útgerð bátsins um skil á aflaupplýsingum með bréfi dags. 12. ágúst 2024 vegna veiðiferða sem farnar voru fyrr það ár.

II. Lagagrundvöllur

Skipstjórnandi skal senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 307/2023 áður en bát er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. og 4. reglugerðar nr. 307/2023 og 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Brot gegn reglugerð nr. 307/2023 og lögum nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni eða skriflegri áminningu samkvæmt 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1996.

III. Athugasemdir málsaðila

Með bréfi Fiskistofu dags. 2. október 2025 var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar, málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framið og eftir atvikum hvort beita ætti viðurlögum. Málsaðila var veitt tækifæri til að leggja fram athugasemdir og andmæli vegna málsins til og með 16. október 2025.

Í athugasemdum sem bárust frá einum skipstjórnanda bátsins þann 14. október 2025, voru ekki gerðar athugasemdir við framangreind málsatvik. Skipstjórnandinn svaraði einvörðungu fyrir þá daga er hann var skipstjórnandi bátsins. Gerð var grein fyrir reynsluleysi og vanþekkingu á aflaskráningarhugbúnaði bátsins þar sem um fyrstu ferðir hans sem skipstjórnanda bátsins væri að ræða. Auk þess bar hann fyrir sig tæknilega örðugleika við notkun hugbúnaðarins.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Fyrir liggur að skipstjórnendur krókaaflamarksbátsins Óla á Stað GK – 99 (2842) skiluðu ekki aflaupplýsingum stafrænt til Fiskistofu áður en bátnum var lagt að bryggju í löndunarhöfn að loknum veiðiferðum eftirfarandi daga á fiskveiðiárinu 2024/2025:

Vanskil aflaupplýsinga		
08.09.2024	10.10.2024	24.01.2024
11.09.2024	12.10.2024	08.02.2025
12.09.2024	13.10.2024	17.02.2025
13.09.2024	09.01.2025	18.02.2025
15.09.2024	10.01.2025	19.02.2025
16.09.2024	13.01.2025	20.02.2025
04.10.2024	14.01.2025	21.02.2025
05.10.2024	17.01.2025	22.02.2025
06.10.2024	18.01.2025	04.05.2025
07.10.2024	19.01.2025	07.05.2025
08.10.2024	20.01.2025	20.05.2025
09.10.2024	21.01.2025	-

Aflaupplýsingar bárust ekki fyrir framangreindar veiðiferðir. Af þeim sökum voru skil skipstjórnenda ófullnægjandi í 35 veiðiferðum á fiskveiðiárinu 2024/2025 þ.e. í um 20% veiðiferða.

Með því að skila ekki aflaupplýsingum til Fiskistofu fyrir 35 veiðiferðir á fiskveiðiárinu 2024/2025, brutu skipstjórnendur bátsins Óla á Stað GK – 99, skipskráarnúmer 2842, gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 57/1996 mælir fyrir um að Fiskistofa skuli veita hlutaðeigandi útgerð áminningu eða svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, fyrir brot á lögum eða reglum settum samkvæmt þeim. Við mat á því hvort brot teljist minniháttar eður ei er litið til þess hvort brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Jafnframt er litið til fjölda ófullnægjandi skila, þ. á m. vanskila, og hlutfall þeirra á mótí löndunum á fiskveiðiarinu 2024/2025. Vanskil voru í um 20% veiðiferða á fiskveiðiarinu 2024/2025, þ.e. í 35 veiðiferðum.

Að mati Fiskistofu verður ekki séð að brotið hafi í för með sér verulegan fjárhagslegan ávinning.

Brotið ógnar hagsmunum tengdum rekstri og trúverðugleika fiskveiðistjórnunarkerfisins. Auk þess kann brotið að ógna hagsmunum tengdum eftirliti með fiskveiðum, vísindalegri rannsókn á lífríki sjávar sem og aðgengi að alþjóðlegum mörkuðum.

Við mat á saknæmisstigi brots ber að líta til háttsemi skipstjórnanda bátsins. Á skipstjórnanda hvílir sú starfsskylda að skila aflaupplýsingum til Fiskistofu stafrænt áður en veiðiferð lýkur. Strangara saknæmismat lýtur að skipstjórnanda sem sérfræðingi í ljósi stöðu hans og þekkingar, en gera verður þá kröfu til skipstjórnarmanna að þeir þekki lög og reglur er snúa að veiðum og sérstaklega snerta atvinnu þeirra þ. á m. um skil á aflaupplýsingum. Við mat á því hvort skipstjórnandi hafi innt af hendi starfsskyldu sína í samræmi við það sem af honum mátti ætlast er athugað hvort hann hafi við framkvæmd starfa sinna farið eftir gildandi háttisreglum um skil á aflaupplýsingum og starfsaðferðum sem „*góður og gegn skipstjórnandi*“ myndi fylgja miðað við aðstæður hverju sinni. Vanskil voru hjá skipstjórnendum bátsins Óla á Stað GK – 99 (2384) í 35 veiðiferðum þrátt fyrir leiðbeiningu Fiskistofu um skil á aflaupplýsingum þann 12. ágúst 2024. Að mati Fiskistofu vanræktu skipstjórnendur bátsins Óla á Stað GK – 99 (2384) starfsskyldu sína með saknæmum hætti.

Að teknu tilliti til eðlis og umfangs brotsins og alls þess sem að framan hefur verið rakið er það mat Fiskistofu að brotið teljist meiriháttar. Af þeim sökum komi áminning ekki til álita. Að mati Fiskistofu þykja hæfileg viðurlög, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, vegna brotsins vera svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur.

Málsaðili ber ábyrgð á að verklag skipstjórnanda, í starfi hjá honum, við skráningu og skil á aflaupplýsingum samræmist gildandi lögum og reglum.

Fiskistofa sviptir hér með krókaaflamarksbátinn Óla á Stað GK – 99, skipaskrárnúmer 2842, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 22. júní 2026 til og með 5. júlí 2026, samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna brots gegn 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar nr. 307/2023, sbr. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Kæruheimild

Ákvörðun þessa má kæra til atvinnuvegaráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því að hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið atr@atr.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.